

Frjálsíþróttaping 2026 - Þinggerð

65. Frjálsíþróttaping, haldið í Reykjavík 10. og 11. apríl

Föstudagur 10. apríl kl. 17.00-22.00

Þingsetning

Freyr Ólafsson formaður FRÍ setti þingið og bauð gesti velkomna. Kjör starfsmanna þings og nefnda staðfest.

- Þingforsetar: Skúli Helgason Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
- Þingritarar: Rannveig Oddsdóttir og Kormákur Ari Hafliðason
- Kjörbréfanefnd: Eiríkur Mörk Valsson, Tinna Ósk Björnsdóttir og Hrafn Guðbrandsson.
- Allsherjarnefnd: Guðmunda Ólafsdóttir, Friðleifur Friðleifsson og Unnur Björnsdóttir
- Laganefnd: Anna Jónsdóttir, Ástþór Jón Ragnheiðarson og Fríða Rún Þórðardóttir
- Fjárhagsnefnd: Sólveig Kristjánsdóttir, J. Haukur Björnsson og Björn Margeirsson.

Ávarp formanns FRÍ

Freyr Ólafsson formaður FRÍ flutti ávarp. Byrjar á að minnast tveggja félaganna sem kvöddu okkur á þessu tímabili Jón Þ. Ólafsson og Sveinn Sigmundsson. Þakkar stjórn og starfsfólki skrifstofu fyrir gott samstarf. Höfum haft þar gott fólk sem leggur sín lóð á vogarskálarnar til að halda starfi hreyfingarinnar gangandi. Starfið fer samt fyrst og fremst fram innan félaganna. Félögin og starfið hefur verið að styrkjast á undanförunum árum og við sjáum aftur fjölgun í hreyfingunni. Freyr segir okkur eiga í harðri baráttu við snjalltæki og ýmsar samfélagsbreytingar sem ýta undir hreyfingarleysi. Það er ekkert betra vopn í þessari baráttu en hreyfing, frjálsar íþróttir geta boðið upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir unga sem aldna. Hlaupaverkefnið sem gengur út á að styrkja umgjörð um hlaupahald og ná hlaupurum inn í hreyfinguna hefur gengið vel. Langhlaupanefnd með Friðleif Friðleifsson í broddi fylkingar hefur lagt á sig mikla vinnu til að koma því verkefni áfram. Vottuðum hlaupum hefur fjölgað og hlaupahóparnir eru að koma inn í hreyfinguna. Unnið hefur verið að því að kynna frjálsar íþróttir og hvetja til almennrar hreyfingar dæmi um verkefni sem miða að því eru Kids Athletics, Ævintýrahlaup og stóri FRÍ dagurinn. Það hefur verið uppgangur í íþróttinni og afreksfólkið okkar hefur verið að ná góðum árangri en við eigum engan þjóðarleikvang. Hann er kominn á teikniborðið en eftir að klára fjármögnun og framkvæmdaáætlun. Það verður eitt helsta verk nýrrar stjórnar að koma því verkefni áfram. Í sumar verður 100. Meistaramót Íslands haldið, í Skógarseli hjá ÍR sem hélt fyrsta mótið 1927. Samhliða mótinu verður haldin sýning um sögu Meistaramótanna. Ávarp sitt endar Freyr á myndbandi frá starfinu.

Ávörp gesta

Hjördís Guðmundsdóttir, meðstjórnandi ÍSÍ

Skilar kveðju frá framkvæmdastjóra og starfsmönnum ÍSÍ sem þakka frábært samstaf á liðnum árum. Framlag ykkar til íþróttahreyfingarinnar er ómetanlegt, það þarf öflugt sjálfboðastarf til að halda íþróttastarfinu úti bæði með þáttöku úti í félögunum og með stjórnarstörfum. Nú stendur yfir sameiginleg stefnumótun íþróttahreyfingarinnar og þar á FRÍ sína rödd eins og aðrir. Það er spennandi verkefni en jafnframt flókið og viðamikið. Það felur í sér ýmsar áskoranir að halda úti íþróttastarfi í litlu landi eins og Íslandi. Það þarf að rækta gleðina og hafa gaman af því sem við erum að gera. Það þarf að hafa auga fyrir því að næra þá sem leggja krafta í vinnuna og gera það eftirsóknarvert að tilheyra hreyfingunni. Fékk það skemmtilega verkefni að heiðra nokkra féлага FRÍ. Silfurmerki hljóta Örvar Ólafsson og Sonja Sif Jóhannsdóttir og gullmerki hlýtur Freyr Ólafsson.

- **Örvar Ólafsson** er fyrrum keppandi í frjálsíþróttum, fyrrum landsliðsmaður og þátttakandi í alþjóðlegum keppnum, þar sem hans sterkasta grein var þrístökk. Keppti fyrir UMF Dagsbrún í Landeyjum og HSK. Örvar hefur þjálfað börn og ungmenni í íþróttum í yfir 30 ár og hefur með ýmsum hætti komið að starfi sem tengjast íþróttastarfi, s.s. lyfjamálum og fræðslu og afreksstarfi hér heima og erlendis.
- **Sonja Sif Jóhannsdóttir** hefur alla tíð verið virk í frjálsíþróttahreyfingunni, sem iðkandi og í fjölbreyttum störfum tengdum greininni. Er menntaður íþrótt- og heilsufræðingur og hefur starfað sem kennari um árabíl auk þess að koma að fræðslu og forvarnarstarf fyrir hreyfinguna. Sem keppandi hefur Sonja lagt stund á hlaup og keppt í götu- og utanvegahlaupum með UFA Eyrarskokki. Þá hefur hún komið að þjálfun frjálsra og uppbyggingarstarfi meðal annars hjá UFA. Þá hefur hún verið öflug í félagssstarfi og skipulagi viðburða. Hún hefur gengt trúnaðarstörfum fyrir FRÍ setið í stjórn og nefndum.
- **Freyr Ólafsson** keppti í frjálsíþróttum á yngri árum, þjálfaði frjálsíþróttafólk hjá HSK og Ármanni. Freyr var formaður frjálsíþróttadeildar Ármanns frá 2009-2016 og tók þá við formannshlutverki í FRÍ. Sem formaður FRÍ hefur Freyr verið virkur í alþjóðlegu starfi og sinnt formennsku í Norðurlandasamstarfi í frjálsíþróttum. Þá hefur Freyr verið formaður starfshóps um undirbúnings þjóðarleikvangs.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ

Óskar FRÍ til hamingju með skýrsluna, hún er glæsilega framsett og lýsir öfluggu starfi. Segist vera vandræðalega áhugasöm um NDP (National Development Plan) því hún veit að þar getum við lært af hvert öðru og FRÍ hefur náð góðum árangri þar. Á vettvangi UMFÍ eru stórar fréttir nú eru öll íþróttahéruð á landinu komin með aðild að UMFÍ og nú er hægt að einbeita sér betur að kjarnastarfsseminni. Þar gegnir samstarfsverkefni um svæðisstöðvar íþróttahéraða um allt land mikilvægu hlutverkil. Það sem við erum að sjá núna þegar við vinnum saman og markmiðin drífa verkefnið áfram þá verða litlir risasigrar. Íþróttafélögin á Vestfjörðum hafa t.d. ekki haft starfsmenn en nú hefur því verið komið í gegn og komnir starfsmenn hjá félögunum. Sjá mikinn mun á þáttöku í verkefnum og

umsóknum alls staðar að af landinu í allskonar sjóði. Þegar við breytum og bætum og þegar það er gaman þá vill fólk vera með. Okkur hefur verið tíðrætt um áskoranir í hreyfingunni, s.s. símanotkun og erfiðleika við að ná til sjálfboðaliða. Það þarf að ná til fólks til að fá það með. Fjöldapóstur þar sem óskað er eftir sjálfboðaliðum virkar e.t.v. ekki en ef fólk nær persónulegum tengslum og er beðið um að aðstoða er það líklegra til að vilja taka þátt. Norðmenn voru að birta skýrslu um hvað unga fólkið vill í sambandi við íþróttir. Við getum án efa nýtt mikið úr þeirri skýrslu í okkar starfi. Þakkar Frey fyrir störf sín í þágu hreyfingarinnar, óskar tilvonandi stjórn góðs gengis. Áfram íslenskar íþróttir.

Heiðursviðurkenningar

Freyr formaður og Sonja Sif varaformaður veittu heiðursviðurkenningar FRÍ.

Eirmerki:

- Auður Aðalbjarnardóttir Fjölni
- Ásgeir Sveinsson HHF
- Ástþór Jón Ragnheiðarson HSK
- Björgvin Brynjarsson Breiðablik
- Björn Margeirsson Ármann
- Elva Björk Sveinsdóttir FH
- Hallgrímur Egilsson Breiðablik
- Rúnar Valdimarsson ÍR
- Soffía Svanhildar Felixdóttir ÍR / FRÍ
- Silja Úlfarsdóttir FH
- Sveinn Margeirsson FRÍ
- Unnur Björnsdóttir ÍR

Silfurmerki

- Aðalheiður María Vigfúsdóttir Breiðablik
- Auður Árnadóttir ÍR / FRÍ
- Guðmunda Ólafsdóttir HSK
- Gunnhildur Hinriksdóttir HSP
- Hilmar Björnsson RÚV
- Hjördís Ólafsdóttir ÚÍA
- Magnús Valgeir Gíslason FRÍ
- Óðinn Björn Þorsteinsson ÍR

Gullmerki

- Björn Bjarndal Jónsson HSK / UMFÍ
- Einar Vilhjálmsson ÍR
- Pétur Guðmundsson ÍR

- Sonja Sif Jóhannsdóttir UFA
- Sólveig Kristjánsdóttir FH
- Örvar Ólafsson Ármann

Heiðursfélagar

- **Ágúst Ásgeirsson** á að baki glæsilegan feril sem hlaupari hjá ÍR en hefur eftir að keppnisferlinum lauk lagt mikið af mörkum til frjálsíþróttahreyfingarinnar. Ágúst sat í stjórn FRÍ, fyrst sem stjórnamaður og loks sem formaður FRÍ. Hann hefur hin seinni ár unnið mikið starf með sögunefnd FRÍ að söfnun og útgáfu mikilsverðra upplýsinga s.s. Íslandsmeistaratala í frjálsíþróttum.
- **Dóra Gunnarsdóttir** tengdist frjálsíþróttum í starfi austur á landi hjá ÚÍA en hefur lagt mikið af mörkum til starfs sambandsins. Dóra var stjórnarmanneskja hjá FRÍ og var ópreytandi í mikilvægu sjálfboðastarfi í stuðningi við landslið Íslands um langt skeið, bæði hér á landi sem erlendis.
- **Sigurður Haraldsson** Fáir hafa reynst traustari og dyggari liðsmenn í íslenskrum frjálsíþróttahreyfingu en Sigurður Haraldsson undanfarna áratugi. Sigurður var formaður frjálsíþróttadeildar FH í 28 ár og sem slíkur spilaði hann lykilhlutverk í að gera FH að stórveldi í frjálsíþróttum, en auk formennskunnar hafði hann sinnt verkefnum við hlið föður síns áratugi þar á undan. Auk framangreinds hefur Sigurður reynst ómetanlegur félagi FRÍ með sínu starfi á þingum FRÍ, sem yfirdómari og öflugur nefndarmaður í nefndum sambandsins undanfarna áratugi.

Kynning á skýrslu stjórnar

Freyr kynnti skýrslu stjórnar. Í skýrslu stjórnar er starfinu undanfarin tvö ár gerð skil. Stjórn hefur haldið 25 fundi á tímabilinu og þar af aðeins einn staðfund. Það hefur gefist vel að hafa fundina rafrænt og það gerir fólki úti á landi mögulegt að vera virkt í stjórn. Mikilvægt á þingi sem þessu að við eigum samtal um það hvað það er sem við viljum gera betur. Eitt af því sem þarf að ræða er hvert á að vera hlutverk skrifstofu og hvert á að vera hlutverk félaganna. Það hefur verið að breytast á undanförunum árum. Skrifstofan hefur getað tekið við fleiri verkefnum þar sem opinber stuðningur hefur aukist og hægt hefur verið að fjölga starfsmönnum. Afreksstarfið fer engu að síður fram úti í félögunum, það er krefjandi starf. Það þarf að vera fyrir hendi sérhæfing sem er ekki sjálfgefið að sé fyrir hendi innan hvers félags. Samstarf milli félaga er því mikilvægt. Það er erfitt að fjármagna að fullu það mikla starf sem þarf til að sinna afreksþjálfun vel og hún myndi ekki lifa nema vegna þess að þjálfarar leggja í raun mun meira af mörkum en þeir fá greitt fyrir. Tek ofan fyrir þessu fólki sem hefur haldið úti afreksstarfi í félögunum.

Segist vera í svoltílli mótsögn hvað samfélagsmiðlana varðar. Viljum ekki að miðlarnir gleypi fólknið en notum þá samt til að auglýsa starfið og það hefur gefist vel. Okkar er að gera starfið það spennandi að það grípi krakkana og þau taki það fram yfir miðlana. Rétt sem Auður sagði áðan að það þarf að vera gaman. Það er það sem þarf til að laða til sín

krakkana og halda þeim. Fjárfesting í miðlunum skilar sér aðeins ef fjárfesting er til staðar heima í héraði í mannauðnum innan félaganna.

Hlaupaverkefnið hefur gengið vel. En við þurfum áfram að byggja upp hlaupahópa innan félaganna og taka hópa inn í hreyfinguna. Flott að fá Hraða (HHHC) inn núna. Þeir hafa verið að gera góða hluti. Þeir eru að ná athygli, áhuga og drifkrafti sem smitar út í allt samfélagið. Getum án efa lært af því. Hvað þarf til að heilla fólk og fá það með. Fleiri tækifæri til að ná inn nýju fólki. Ganga er t.d. grein innan frjálsra sem mætti markaðssetja fyrir eldra fólk. Ef það er gaman á kemur fólk.

Þótt skrifstofan hafi eflst þá er hún samt fáliðuð þunginn af verkefnunum þarf áfram að vinnast úti í félögunum. Sambandið er ekkert nema félögin. Þar er massinn af virku fólki. FRÍ getur boðið verkefni eins og Kids athletics, Ævintýrahlaup og stóra FRÍ daginn en félögin þurfa að sjá um vinnuna og grípa krakkana eftir kynningu. Björg Gunnarsdóttir mun leiða þetta starf næstu mánuði. Freyr hvetur þingmenn til að kynna sér þessi verkefni og fá þau heim í sín héruð.

Sem formaður hefur Freyr verið þess heiðurs aðnjótandi að taka þátt í alþjóðlegu starfi og það er margt hægt að læra af öðrum og með öðrum þjóðum. Þetta eru alls staðar sömu verkefnin. Evrópska frjálsíþróttasambandið kom á þróunarverkefninu NDP (National Development Program) sem við höfum notið góðs af. Þar er búið að finna út hvernig eru bestu vinnubrögð í skipulagi sambanda og íþróttastaf og hvernig er hægt að gera það markvissara með því að setja upp mælikvarða og markmið. Setja á ráðgjafa sem fljúga inn og eru í nokkra daga í hverju landi. Við fengum slíka ráðgjöf þar þar var sett upp markvisst prógramm fyrir okkur. Þar fundum við milljónir í gegnum alþjóðlegt þjálfunarprógramm.

Fríða Rún spyr út í mastersstarfið. Hvernig viljum við vinna það og hvernig getur FRÍ stutt betur við íþróttir eldri iðkenda. Þeirra mót og afrek eru t.d. ekki inni í skýrslunni. Gætum verið virkari í mótahaldi eldri iðkenda líka, t.d. tekið EM í götuhaupum eða fjallahlaupum. Freyr þakkar ábendinguna og er sammála því að betur megi gera í þessum málum.

Kynning á ársreikningum 2024 og 2025

Auður Árnadóttir gjaldkeri FRÍ kynnti ársreikninga síðustu tveggja ára.

- Tekjur 113.323.000 kr. árið 2024 og 136.987.000 kr. árið 2025.
- Gjöld 112.436.000 kr. árið 2024 og 138.606.000 kr. árið 2025.
- Hagnaður 887.000 kr. 2024 en tap 1.619.097 kr. 2025.
- Eigið fé og skuldir samtals 29,444,931 kr. 2024 og 29.671.158 kr. 2025.
- Taprekstur á árinu 2025 stafar af því að FRÍ missti út styrk sem búið var að lofa. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnstekna er hagnaður af reglulegri starfsemi 3.181.000 kr. 2024 og 457.000 kr. 2025.

Spurt um tekjuliðinn „tekjur vegna aðstöðu“. Freyr upplýsir að það sé styrkur sem Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur greitt á meðan aðstaðan til frjálsíþróttaiðkunar og

mótahalds er takmörkuð í borginni eftir Laugardalsvöllur varð óvirkur og meðan ekki er búið að byggja nýjan þjóðarleikvang.

Sigurður Pétur óskar eftir sundurliðun á tekjum. Freyr vísar því til umræðu í nefnum á eftir en einnig eru nákvæmari upplýsingar inni í ársreikningnum sem er aðgengilegur í þingskjöllum.

Sveinn Margeirsson biður um orðið og rifjar upp að í „gamla daga“ hafi hann oft hlaupið á þjóðarleikvangi Íslandi í Laugardal. Sú aðstaða hafi á sínum tíma átt sinn þátt í því að hann flutti úr Skagafirðinum til Reykjavíkur. Hann segist hugsi yfir því að við skulum vera í þeirri stöðu að það sé enginn þjóðarleikvangur í dag. Þjóðin er að eldast en stjórnvöld hafa boðað samdrátt í fjárveitingum til menninga, lista, íþróttá og æskulýðsmálum og einnig í framhalds- og háskólakerfinu. Á sama tíma er gert ráð fyrir auknu fjármagni í heilbrigðismál, örorku- og endurhæfingalífeyri. Sveinn hefur litla trú á því að þetta geti gengið svona upp. Ef þetta á að ganga upp þarf þjóðin að bæta heilsufarið og til þess þarf fyrirmyndi og fyrirmyndirnar verða til á þjóðarleikvangi. Sveinn ætlar að bjóða sig fram til formanns og það er hans helsta baráttumál að þjóðarleikvangur komist til framkvæmdar. Það þarf að fjárfesta í fleiri innviðum en virkjunum og raflínunum. Tekur undir með fulltrúum ÍSÍ og UMFÍ um að það þurfi samstöðu og samvinnu íþróttagreina til að koma hlutunum á annan stað. Katrín Jakobsdóttir gefur einnig kost á sér í stjórn og þetta er líka hennar baráttumál. Til greina kemur að hún taki við formannsembættinu á tímabilinu og Sveinn stigi niður og verði almennur stjórnarmaður. Honum finnst rétt að það komi fram áður en gengið er til kosninga um nýja stjórn. Þakkar fráfarandi stjórn fyrir frábært samstarf.

Skýrsla og reikningar lagðir fram til samþykktar og samþykktir.

Framlagning mála

34 tillögur liggja fyrir þinginu. Samþykkt að allar tillögur fari beint til nefnda en verði ekki kynntar og ræddar áður en þær fara í þá umræðu. Allar tillögur koma svo fyrir þingið aftur á seinni degi þess og þá er hægt að ræða þær tillögur sem nefndir hafa sett fram um afgreiðslu þeirra.

Tillögu um það hvaða nefnd tekur hvaða tillögur fyrir varpað upp á skjá og samþykkt.

- Allsherjarnefnd:
- Laganefnd: Tillögur nr. 2, 3, 4, 5 og 18
- Fjárhagsnefnd: Tillögur nr. 6, 8 og 33
- Allsherjarnefnd: Allar aðrar tillögur (1, 7, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32 og 34)

Laugardagur 11. apríl kl. 10.00-14.00

Undirbúningur 100. Meistaramóts Íslands í frjálsum íþróttum

Sigurður Magnússon formaður ÍR kynnti undirbúning 100. Meistaramóts Íslands í frjálsum sem haldið verður í sumar. Jónas Egilsson, Íris Berg Bryde , Sigurður Magnússon og Silja Úlfarsdóttir eru í undirbúningsnefnd. Mótið mun fara fram í Skógarseli hjá ÍR sem er vel við hæfi þar sem ÍR hélt fyrsta Meistaramótið 1927. Búið er að ræða við Reykjavíkurborg um úrbætur á vellinum fyrir mót. Ekki er komið svar við þeirri beiðni en nefndarmenn bjartsýnir á að vel verði brugðist við. Unnið er að því að safna upplýsingum um sögu mótanna og sett verður upp sögusýning í vallarhúsinu á mótisdögum. Óskað er eftir aðstoð sem flestra við að safna efni, myndum, leikskrám o.fl. og koma til nefndarinnar. Gunnar Páll Jóakimsson, Friðrik Þór Óskarsson, Ágúst Ásgeirsson, Magnús Jakobsson og Oddur Sigurðsson halda utan um þessa vinnu. Meistaramótið hefur farið fram á 10 stöðum á landinu á þessu 100 ára tímabili, en í dag eru aðeins fjórir vellir sem geta tekið mót eins og þetta (ÍR-völlurinn, Selfoss, Sauðárkrókur og Akureyri). Það verða boðsgestir á mótinu úr íþróttahreyfingunni, úr stjórnmálum, erlendir gestir og gamlir keppendur. Einnig stendur til að vera með einhverskonar heiðranir. Mikill metnaður hjá nefndinni að gera þetta vel. Það kostar að halda svona mót og þarf að sækja styrki upp í þann kostnað til viðbótar við það sem FRÍ og ÍR leggja til. Unnið er að því að semja um beint streymi frá mótinu og RÚV mun að öllum líkindum sýna frá mótinu.

Skoðunarferð um félagssvæði ÍR

Þráinn Hafsteinsson leiddi þinggesti um svæðið og sýndi þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum og fræddi um það sem vonast er til að bætist við á næstu árum.

Ávarp Willum Þórs Þórssonar forseta ÍSÍ

Willum óskaði eftir að fá að ávarpa þingið þótt Hjördís hafi flutt ávarp fyrir hönd ÍSÍ í gær. Þið eruð að halda tveggja daga metnaðarfullt þing, fara yfir starfið, horfa inn í framtíðina og veita verðskuldaðar viðurkenningar. Framlag ykkar til íþróttar, lýðheilsu og forvarna verður aldrei fullþakkað og það minnsta sem maður í minni stöðu getur gert er að koma hér og þakka fyrir þetta framlag. Þetta framlag til lýðheilsu og forvarna verður aldrei fullþakkað. Við getum gert betur sem hreyfing í okkar samtali við stjórnvöld. Það er erfitt að meta stafið til fjár. Við verðum samt að fara að gera það. Við erum að fara um landið í stefnumótun. Eru með umboð frá þingi. Viljum líka hafa áhrif á íþróttastefnu stjórnvalda. Við þurfum að koma með gögn inn í það samtal. Fyrir hvað á íþróttahreyfingin að standa og fyrir hverja á hún að starfa. Þess vegna er verið að leggja upp í ferð um landið til að leggja drög að þeirri stefnu. Gagnadrifin grasrótar stefnumótun. Hvað hver króna sem stjórnvöld setja í íþróttastarf skilar sér í forvörnum. Hver eru margföldunaráhrifin af hverri krónu. Stjórnvöld verða að koma með okkur í þessa vegferð. 1,8 milljarður kemur frá stjórnvöldum í þennan málaflokk og svipuð upphæð frá Íslenskri getspá. Þar hefur orðið samdráttur vegna aðila sem eru með fyrirtæki skráð erlendis, það þarf að breyta lögum til að draga úr þeim skaða. Takk innilega fyrir ykkar frábæra framlag til íþróttastarfs í landinu.

Umræður og afgreiðsla þingmála

Nefndir kynntu þær tillögur sem þær tóku fyrir í gærkvöldi og lögðu fram til umræðu og afgreiðslu.

Allsherjarnefnd

Þingskjal nr. 1. – Ályktun um þjóðarleikvang

- 65. Frjálsíþróttaping, haldið í Skógarseli í Reykjavík 10. og 11. apríl, skorar á ríki og Reykjavíkurborg að halda þegar í stað áfram undirbúningi við uppbyggingu þjóðarleikvangs fyrir frjálsíþróttir í Laugardal, í samræmi við vinnu starfshóps um málið og viljayfirlýsingu sem undirrituð var af fulltrúum FRÍ, ríkisins, Reykjavíkurborgar og KSÍ þann 2. september 2024. Búið er að fjarlægja hlaupabrautir af Laugardalsvelli til að koma til móts við þarfir knattspyrnuíðkenda. Það kemur í veg fyrir að FRÍ geti haldið alþjóðlega viðburði og heftir þróun íþróttarinnar á landsvísu, með tilheyrandi áhrifum á bæði afrekssstarf og lýðheilsu. Við þetta ástand verður ekki búið lengur.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 7 – Reglugerð um afrekssjóð

- Reglur um afrekssjóð gerðar að sérstakri reglugerð.
- Reglugerð um afrekssjóð hefur verið birt á heimasíðu, en ekki verið fjallað um á síðustu þingum og ekki verið fellt inn í reglugerðir sambandsins. Með þessu er bætt úr þessu misræmi.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 9. – Reglugerð nr. 14 um gjaldskrá FRÍ

- Skerpt á orðlagi um að eitt lið sé karlalið eða kvennalið.
- Eitt gjald á karlalið og eitt gjald á kvennalið.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 10 – Reglugerð nr. 30.5 reglur um blandað boðhlaup á Meistaramótum

- Skerpt á reglum um röð kynja í blönduðu boðhlaupi. Sé í samræmi við reglur WA þ.e. karl kona karl kona.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 11 – Reglugerð nr. 30.5 – Stigagjöf vegna boðhlaupa

- Tillaga um að breyta stigagjöf fyrir blandað boðhlaup á Meistaramótum þannig að stigin telji inn í karla og kvennakeppni.
- Vísað frá. Stigin munu áfram aðeins telja inn í heildarstigakeppni.

Þingskjal nr. 12 – Reglugerð nr. 31.5 – Reglur um blandað boðhlaup á Meistaramótum

- Skerpt á reglum um röð kynja í blönduðu boðhlaupi sem sé í samræmi við reglur WA þ.e. karl kona karl kona.

- Samþykkt

Þingskjal nr. 13 – Reglugerð nr. 31.5 – Reglur um keppni í boðhlaupum

- Reglugerð um keppni í boðhlaupum á MÍ 15-22 ára, skerpt á því að mismunandi boðhlaup teljist ekki vera sama grein og því megi einstaklingur keppa í 4x400 í eldri flokkum þótt þau hafi keppt í 4x200 í yngri flokk.
- Breyting samþykkt.

Þingskjal nr. 14 – Reglugerð nr. 31.5 – Stigagjöf vegna blandaðrar boðhlaupa

- Tillaga um að breyta stigagjöf fyrir boðhlaup á Meistaramótum þannig að stigin telji inn í karla og kvennakeppni.
- Svöltil umræða um málið þar sem fram kom að það væri erfitt að koma þessu rétt inn í mótakerfið öðruvísi en það væri handfært.
- Vísað frá. Stigin munu áfram aðeins telja inn í heildarstigakeppni.

Þingskjal nr. 15 – Reglugerð nr. 32 – Fjöldi tilrauna í stökkum og köstum á Bikarmóti

- Tilraunir verði fjórar í öllum lágréttum stökkum og kastmótum (eru sex í núgildandi reglugerð)
- Sigurður Pétur biður um orðið og er andvígur tillögunni. Það skerðir möguleika íþróttafólks á að ná árangri sem getur talið inn í stigakefi og stórmót.
- Annar fundarmaður bendir á að yfirleitt séu keppendur ekki að nýta allar tilraunir sínar í keppninni.
- Fleiri taka undir með það að ekki eigi að fækka stökkum.
- Kosið um að vísa tillögunni frá. Ellefu með en átta á móti fjórum. Tillögunni því vísað frá.

Þingskjal nr. 16 – Reglugerð nr. 34 – Míluhlaupi bætt inn í Meistaramót í götuþlaupum.

- Tillaga um að bæta inn míluhlaupi.
- Tillaga samþykkt.

Þingskjal nr. 17 – Siðareglur FRÍ

- Siðareglur voru síðast uppfærðar árið 2010. Mikilvægt er að þær séu yfirfarnar á þingi og samþykktar sem reglugerð, sé það niðurstaðan. Í þessum tillögum er nú vísun í ný viðurlög sem og aga- og siðareglur.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 19 – Tillaga að nýrri reglugerð um tæknimál

- Ný reglugerð um skil úrslita úr mótum inn í roster.
- Svólitlar umræður um málin til að skýra um hvað það snýst.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 20 – Tillaga Barneignir

- 65. Frjálsíþróttaping, haldið í Skógarseli í Reykjavík 10. og 11. apríl, samþykkir að þar sem því er við komið verði tekið verði tillit til íþróttafólks vegna meðgöngu og barneigna og vísar til stjórnar að taka málið áfram á milli þinga.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 21 – Reglugerð nr.26 – Aldursflokkar í keppnum innan vallar

- Tillaga um að bæta inn öldungaflokkum í keppnum innan vallar í stað þess að vera eingöngu með fullorðinsflokk 23 ára og eldri.
- Þarfnast frekari umræðu.
- Tillögu vísað til stjórnar til frekari umræðu og athugunar.

Þingskjal nr. 22 – Reglugerð nr. 27 – Reglur um kastáhöld, grindahlaup og hindrunarhlaup

- Tillaga um að bæta inn í reglugerð um kastáhöld og grindur upplýsingum um grindur og kastáhöld í öldungaflokkum og reglum um hindranir í hindrunarhlaupi.
- Guðmundur bendir á að það séu mismunandi reglur hjá WA og Norðurlöndum svo þetta geti orðið svolítið flókið.
- Vísað til stjórnar.

Þingskjal nr. 23 – Reglugerð nr. 28 – Met í öldungaflokkum

- Tillaga um að met í öldungaflokkum geti gilt niður á við á sama hátt og met í yngri flokkum geta gilt upp í næstu flokka fyrir ofan.
- Lagt til að tillögunni verði vísað frá. Rökin meðal annars þau að þetta sé ekki svona erlendis.
- Tillögu vísað frá -en orðalagsbreytingar sem stjórn er falið að laga.

Þingskjal nr. 24 – Reglugerð nr. 30.4 – Boðhlaup á MÍ í eldri aldursflokkum utanhúss

- Tilgreint að í boðhlaupum í blandaðri sveit sé röðin karl-kona-karl-kona
- Ákvæði um að ef fleiri en 12 eru í köstum sé hópnum skipt upp.
- Smávægilegar orðalagsbreytingar, varðandi keppnisfatnað o.fl.
- Samþykkt.

Þingskjal nr. 25 – Reglugerð 31.4 – Boðhlaup á MÍ í eldri aldursflokkum utanhúss

- Samsvarandi tillaga og fyrir utanhússmótin.
 - Tilgreint að í boðhlaupum í blandaðri sveit sé röðin karl-kona-karl-kona
 - Ákvæði um að ef fleiri en 12 eru í köstum sé hópnum skipt upp.
 - Smávægilegar orðalagsbreytingar, varðandi keppnisfatnað o.fl.
- Bætt inn hvernig greinum skuli skipt á keppnisdaga í samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár og hefur reynst vel.

- Samþykkt.

Þingskjal nr. 26 – Reglugerð nr. 31.6 – Boðhlaup á MÍ 11-14 ára innanhúss

- 11 ára og 13 ára mega keppa í næsta flokki fyrir ofan sig. En 11 og 12 ára mega ekki keppa í öðrum flokkum. Boðhlaup í 11 og 12 ára eru ekki til stiga, en í 13 og 14 ára er keppt til stiga.
- Tillagan er í raun ekki breyting heldur aðeins verið að skerpa á núgildandi reglum.
- Umræður um málið út frá litlu félögunum sem geta átt erfitt með að manna boðhlaupssveitir.
- Samþykkt.

Þingskjal nr. 27 – Reglugerð nr. 30.6 – Boðhlaup á MÍ 11-14 ára utanhúss

- Sama tillaga um orðalagsbreytingu til að skerpa á reglum um það hvenær má keppa upp fyrir sig og í reglugerð um innanhússmótin.
- 11 ára og 13 ára mega keppa í næsta flokki fyrir ofan sig. En 11 og 12 ára mega ekki keppa í öðrum flokkum. Boðhlaup í 11 og 12 ára eru ekki til stiga, en í 13 og 14 ára er keppt til stiga.
- Samþykkt.

Þingskjal nr. 28 – Reglugerð nr. 31.5 – Boðhlaup á MÍ 15-22 ára innanhúss

- Reglur um keppni í aldursflokkum í boðhlaupi, önnur tillaga barst um það sama og sú tillaga þótti skýrari og betri.
- Lagt til að tillögunni sé vísað frá og það samþykkt.

Þingskjal nr. 29 – Reglugerð nr. 27 – Fjöldi grinda í grindahlaupi 15 ára stúlkna

- Samkvæmt reglugerð eiga 15 ára stelpur að hlaupa á 5 grindur en strákar 6 þótt bil milli grinda séu þau sömu. Lagt til að því verði breytt í 6 grindur hjá báðum kynjum. Það einfaldar mótahald og er mögulega talið vera villa í núverandi reglugerð.
- Samþykkt.

Þingskjal nr. 30 – Lóðkast á MÍ

- Lagt til að fela stjórn að skoða hvort hægt sé að bæta lóðkasti inn sem keppnisgrein á MÍ.
- Guðmundur bendir á að þessi keppni þurfi sennilega að fara fram á sértíma. Við eigum það góða kastara að þeir þurfa að hafa allan völlinn undir.
- Samþykkt að vísa til stjórnar.

Þingskjal nr. 31 – Reglugerð nr. 32.2 – Keppnisgreinar á Bikarmótum FRÍ

- Stangastökk verði keppnisgrein öll ár en ekki aðeins annað hvert ár.

- Hlaupagreinum verði fjölgað, utanhúss bætist við 200, 1500, 5000 og 3000 hindrun við og innahúss og 800 og 3000 innanhúss, en 1500 tekið út þar.
- FRÍ heldur mótið og útteilir verkefnum til aðildarfélaga sem eiga lið á mótinu.
- Töluverðar umræður um tillögurnar.
- Tekið hlé
- Lögð fram tillaga um að hver keppandi megi keppa í fimm greinum og boðhlaupi.
- Allar breytingatillögurnar lagðar fram til samþykktar.
- 21 með 9 á móti og tillagan því samþykkt

Þingskjal nr. 32 – Reglugerð nr. 35 – Reglur um val í landslið í hlaupum utan vallar

- Uppfærsla á eldri reglugerð og töluverðar breytingar sem miða að því að gera valreglurnar skýrari.
- Viðmið fyrir tíma í götuhlaupum og ITRA stig í utanvegahlaupum uppfærð.
- Bætt inn ákvæðum um hlutleysi og hæfi þeirra sem velja liðið.
- Samþykkt.

Fjárhagsnefnd

Þingskjal nr. 6 – Reglugerð nr. 14 – Gjaldskrá FRÍ fyrir árið 2027.

- Vísitöluhækkun á alla liði gjaldskrár.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 8 – Reglugerð nr. 11 keppnisréttur

- Bætt inn nánari tilvísun í reglur WA varðandi keppnisrétt þegar einstaklingar hafa áður keppt fyrir annað ríki.
- Samþykkt

Þingskjal nr 33 – Tillaga – Fjárhagsáætlun og ársreikningar

- Fjárhagsnefnd hefur farið yfir fjárhagsáætlun næsta árs og telur hana raunhæfa.
- Nokkrar fyrirspurnir varðandi einstaka liði og umræður um þá.
- Fjárhagsáætlun samþykkt.

Laganefnd

Þingskjal nr. 2 – Lög FRÍ – 15. grein um skipan stjórnar og kjör

- Breytingar til samræmis við reglur ÍSÍ og WA.
- Hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40%
- Stjórnarmenn þurfi að vera lögráða og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað eða verið tekin til gjaldþrotaskipta á síðastliðnum þremur árum.
- Hámarks seta í stjórn eða sem formaður séu 12 ár og þá samtals 24 ár.
- Formaður sem segir af sér getur áfram setið í stjórn sem óbreyttur stjórnarmaður fram að næsta þingi.

- Bætt inn að formaður íþróttanefndar hafi seturétt á fundum stjórnar.
- Samþykkt.

Þingskjal nr. 3 – Lög FRÍ – Breyting á 16. grein um hlutverk stjórnar við að ráða framkvæmdastjóra

- Bætt inn skýrara ákvæði um hlutverk stjórnar við að ráða framkvæmdastjóra. „Ráða framkvæmdastjóra sem stýrir skrifstofu FRÍ, ræður til hennar starfsfólk (í samráði við stjórn) og hefur á hendi alla daglega umsýslu.“
- Samþykkt

Þingskjal nr. 4 – Lög FRÍ – Breyting á 19. grein varðandi fastanefndir

- Orðalagsbreytingar til að samræma við breytingar á reglugerðum.
- Aga og siðanefnd bætt við.
- Öldungaráði breytt í Mastersráð.
- Bent á að það vanti uppstillinganefnd inn í skjalið.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 5 – Lög FRÍ – Viðurlögum bætt við

- Ábending hefur komið frá ÍSÍ um mikilvægi þess að sérsambönd tryggi að viðurlög séu skýr í lögum sambandsins.
- Grein bætt inn í lög FRÍ um viðurlög vegna brota á lögum og reglugerðum FRÍ.
- Samþykkt

Þingskjal nr. 18 – Tillaga að nýrri reglugerð um Aga- og siðanefnd

- Uppfærsla á reglugerð um aga- og siðanefnd sem þarf að samræma við breytingar á lögum.
- Vísað til stjórnar að vinna reglugerðina áfram.

Freyr kynnti ályktunartillögu sem ekki var tekin til umfjöllunar í nefndum

Þingskjal nr. 34 – Ályktunartillaga um aðstöðu á ÍR vellinum.

- 65. Frjálsíþróttaping, haldið í Skógarseli í Reykjavík 10. og 11. apríl, skorar á Reykjavíkurborg að tryggja að glæsileg frjálsíþróttastaða á ÍR velli verði reiðubúin fyrir 100. Meistaramót Íslands sem haldið verður á vellinum þann 24. - 26. júlí.
- Samþykkt

Kosning stjórnar

Fyrir þinginu lágu fyrir framboð og tillögur að fólki í stjórn og nefndir. Kosning allra staðfest með lófataki.

Aðalstjórn

- Sveinn Margeirsson, formaður
- Trausti Stefánsson
- Katrín Jakobsdóttir
- Rannveig Oddsdóttir
- Sonja Sif Jóhannsdóttir

Varastjórn

- Jón Örn Árnason
- Hafdís Ósk Pétursdóttir
- Áslaug Pálsdóttir
- Ásgeir Sveinsson
- J. Haukur Björnsson

Formenn fastanefnda

- Fræðslu og útbreiðslunefnd Gunnhildur Hinriksdóttir
- Mannvirkjanefnd Gunnar Svavarsson
- Mastersráð Fríða Rúrn Þórðardóttir
- Dómaranefnd Rúnar Valdimarsson
- Langhlaupanefnd Friðleifur Friðleifsson
- Mótanefnd Silja Úlfarsdóttir
- Íþrótt- og afreksnefnd Magnús Valgeir Gíslason
- Laganefnd Guðmundur Heiðar Guðmundsson
- Skráninganefnd Unnur Björnsdóttir
- Unglinganefnd Hildur Helga Einarsdóttir

Uppstillingarnefnd:

- Freyr Ólafsson
- Sigríður Anna Guðjónsdóttir
- Gunnar Páll Jóakmisson

Skoðunarmenn reikninga

- Aðalmenn: Kristinn Guðlaugsson og Hans Strange
- Varamenn: Sólveig Kristjánsdóttir og Guðlaug Baldvinsdóttir

Fulltrúrar á þing ÍSí

- Vísað til stjórnar

Aga- og siðanefnd

- J. Haukur Björnsson
- Sólveig Kristjáns

- Jón Örn Árnason

Önnur mál

Sigurður Pétur tekur til máls. Óskar stjórn velfarnaðar og þakkar Frey fyrir frábært samstarf í gegnum árin. Segist aðeins hugsi yfir hlutverki ÍSÍ og UMFÍ. Willum talar um að gera átak og hann vonar að það gerist. Frjálsíþróttastarfsemin í landinu hefur minnkað. Rifjar upp að þegar hann var ungur var keppt í þremur deildum í frjálsum. Það er meiri barátta í dag um einstaklingana. Við þurfum að vera dugleg í útbreiðslu og keppa um einstaklingana. Þurfum t.d. að ná götu- og fjallahlaupurum á brautina, segist hafa reynslu af því að þegar hlauparar kynnast brautinni þá finnst þeim það gaman og þeir fara að taka þátt í mótum. Við erum að keppa við fullt af öðrum greinum sem eru kannski öflugri en við á samfélagsmiðlum og komast oftast í sjónvarp við þurfum að vera svolítið grimm og hasla okkur völl alls staðar.

Katrín Jakobsdóttir tekur til máls. Þakkar fyrir að styðja þá tillögu að hún fari inn í stjórn þessarar merku hreyfingar. Hefur óbilandi trú á sóknarfærum frjálsra íþróttá á Íslandi. Þær standa fyrir afreksfólk sem hefur náð frábærðum árangri en líka vegna þess að þær eru þess eðlis að við getum flest tekið þátt. Frjálsar íþróttir eru þannig bæði heppilegar sem afreksíþrótt en líka til að efla lýðheilsu. Tekur undir orð Williums varðandi Lottótekjur sem eru um tveir milljarðar á ári, en á hverju ári fara um 30 milljarðar úr landi í erlend spil. Þurfum að vekja athygli ríkis á þessum vanda. Finnur að hér er góður andi og vel tekið á móti manni og hún hlakkar til samstarfsins.

Silja Úlfarsdóttir formaður mótanefndar. Ánægð með tillögu um að bikarkeppni sé sameiginlegt verkefni félaganna hún var farin að hafa áhyggjur af því að mótið yrði ekki haldið. Skorar á Fjölni að taka mótið að sér og félögin að bregðast vel við að taka að sér greinar. Í minningunni er þetta skemmtilegasta mót sumarsins. Er orðin umboðsmaður frjálsíþróttafólks og er að hjápa íþróttafólki að setja saman keppnis skipulagið fyrir sumarið hjá þeim. Það sem hún hefur rekist á er að oft kemur seint fram hvaða greinar eru á hverju móti. Hvetur til þess að reynt sé að bæta úr því. Vildi helst setja það inn í reglugerð að þetta væri klárt í apríl fyrir sumarið. Það er erfitt að skipuleggja sumarið fyrir fólk þegar þessar upplýsingar liggja ekki fyrir. Hvatning til stjórnar að berjast fyrir uppbyggingu aðstöðu bæði á höfuðborgarsvæðinu og út um land. Það er bara einn völlur á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að halda mót. Það þarf meira en þjóðarleikvang.

Sigurður Magnússon ávarpar þingið fyrir hönd ÍR-inga sem var falið það verkefni að vera gestgjafar á þinginu. Hefur starfað í frjálsíþróttahreyfingunni áratugum saman en þetta er fyrsta þingið hans. Góður andi og gaman að taka þátt. Framtíðin er björt og nýja stjórnin tekur við góðum verkum sem fyrrum formaður og stjórn skilur eftir sig. Þakkar FRÍ líka brýninguna varðandi uppbyggingu á aðstöðu fyrir mótið í sumar.

Freyr þakkar þingforsetum fyrir þeirra framlag og færir þeim blóm. Heldur síðan ræðu þar sem hann þakkar fyrir þá tíu ára vegferð sem nú er að ljúka. Þessi jákvæðni þingforsetanna

fyrir að taka þátt finnst honum dæmigerð fyrir það sem hann hefur upplifað á þessum tíu árum, það er ekki svo erfitt að fá fólk til að leggja eitthvað af mörkum. Þakkar þingmönnum fyrir þeirra framlag til starfsins og segir það hafa verið ómetanlegt að þroska sjálfan sig í þessu umhverfi. Vill þakka nokkrum sem hafa unnið með honum í þessu sérstaklega, þótt það sé langt því frá tæmandi listi:

- Magnús Jakobsson forvera sínum og mentor sem hvatti hann til að taka að sér formennsku FRÍ á sínum tíma.
- Gunnar Svavarsson sem benti honum á þegar hann mætti óundirbúinn á stjórnarfund að ef það kæmi fyrir aftur væri hann hættur.
- Rannveig Oddsdóttir besti þingritarinn og gott fyrir nýja stjórn að fá hana sem ritara.
- Skrifstofan og Guðmundur Karlsson sem hefur sýnt fádæma seiglu í sínum störfum sem hann hefur sinnt langt umfram launað starf.
- Þakkar meðstjórnendum sínum; Hauki, Sonju, Sveini og öðrum sem hafa setið í stjórn á þessu tímabili.
- Þakkar nefndarformönnum sem margir leggja enn fleiri tíma en stjórnin í mikilvæg verkefni, s.s. Friðleifi sem hefur unnið gríðarlega mikilvægt starf í langhlaupanefnd.
- Þakkar Þráni og Valgerði sem tóku á móti honum á Laugarvatni og ólu hann upp í íþróttunum.

Biður verðandi formann Svein Margeirsson og varaformann Katrínu Jakobsdóttur að koma og taka við keflinu. Fólk úr efstu hillu til að taka íþróttina áfram og passa að hún verði áfram í efstu hillu.

Sveinn Margeirsson tekur við keflinu og segir nokkur orð. Það er alltaf gott að líta í kringum sig og læra þínu og það er sannarlega margt sem hann hefur lært af Frey. Hefur líka áttað sig á mikilvægi þess að starfa saman þótt maður sé ekki sammála um allt. Samstaðan og að læra hvert af öðru er það sem mun koma okkur lengra. Við erum í sama liðinu. Við erum í liðinu sem tryggir verðmætasköpun á Íslandi, góða heilsu, forvarnir, afrek á Íslandi. Þakkar Frey fyrir og færir honum blóm.

Katrínu boðið orðið. Bendir á að klukkan sé orðin tvö og bestu fundirnir séu þeir sem er lokið á réttum tíma. Hlakkar til að vinna með frábæru fólki í frábærri stjórn og það eru næg verkefni framundan. Þurfum að eiga öflugan talsmenn sem tala fyrir frjálsum íþróttum. Bæði afreksíþróttunum en líka almenningshlutanum sem er svo mikilvægur liður í heilsueflingu og forvörnum.

Þingi slitið kl. 14.03.

